

Að jafnaði skulu veitt ein verðlaun á ári hverju, en þó má skipta verðlaununum 63 í tvennt ef ástæða þykir til.

16. apríl

Eigi má veita sama manni verðlaun oftari en á 10 ára fresti.

Þyki sjóðstjórninni enginn í ofangreindum hreppum verðlaunahæfur, þegar útluta skal, þer að leggja alla vextina frá fyrra ári við höfuðstólinn. Sé félag fyrir hendi í hreppum þessum, sem hafi sama markmið og þessi sjóður, má sjóðstjórnin þó ákveða að sá hluti vaxtanna, sem borið hefði að nota til verðlauna, renni til þess.

6. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir á þann hátt, sem henni þykir henta, eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum og úthlutar síðan styrknum í samræmi við það, sem að framan greinir.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal stjórnin hafa samið reikning hans fyrir liðið ár og skal hann síðan endurskoðaður af tveimur þar til hæfum mönnum, og kjósa hreppsnefndir ofangreindra hreppa sinn manninn hvor. Að lokinni endurskoðun, sér stjórnin um að hann sé birtur almenníngi í hlutaðeigandi hreppum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins þer að halda gerðabók og skal rita í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir og skrá yfir umsóknir og styrkveitingar úr sjóðnum. Svo skal og skrá þar eigna- og rekstursreikning sjóðsins ár hvert.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari. Við áskiljum okkur að mega gera minni háttar breytingar á henni síðar, þó svo, að tilgangur sjóðsins haldist óbreyttur, enda skal einnig leita konungsstaðfestingar á slíkum breytingum.

Reykjavík, 14. apríl 1942.

Þórunn Guðmundsdóttir.

Jón Kristófersson.

AUGLÝSING

um lækun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri.

64

16. apríl

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður frá deginum í dag að telja til ársloka 1942 verðtoll af:

Baunum, ertum, linsum, hveiti, rúg, ris með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru, mjöli: úr hveiti, úr rúg, úr ris, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum: úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr ris og öðru ótöldu.

Enn fremur að lækka um helming um sama tíma aðflutningsgjöld af:

Sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.

Auk þessa hefur verið ákveðið, að ekki skuli innheimta verðtoll af farmgjaldi af ofangreindum sykri um sama tíma.

Lækkunar þessar á aðflutningsgjöldunum koma fyrst til greina á vörum þeim, sem fluttar eru inn frá og með 16. apríl þ. á. að telja, en ekki þeim, sem fluttar voru inn fyrir 16. apríl, þótt ótollafgreiddar séu.

Fjármálaráðuneytið, 16. apríl 1942.

Jakob Möller.

Magnús Gíslason.